



Lúxemborg, 12. desember 2003

FRÉTTATILKYNNING

EFTA-dómstóllinn úrskurðar um upprunareglur sem gilda í viðskiptum með fisk

*Mál E-2/03 Ákærvaldið gegn Ásgeiri Loga Ásgeirssyni,
Axel Pétri Ásgeirssyni og Helga Má Reynissyni*

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem Héraðsdómur Reykjaness beindi til hans með beiðni um ráðgefandi álit.

Málið sem rekið er fyrir héraðsdómi er refsímál og snýst um meint brot á tollalögum og almennum hegningarlögum við útflutning á þorski frá Íslandi til nokkurra landa Evrópubandalagsins. Þorskurinn sem um ræðir í málinu var veiddur af erlendum fiskiskipum við strendur Alaska og Rússlands og fluttur heilfrosinn til Íslands þar sem hann var þíddur, hausaður, flakaður, beinhreinsaður, snyrtur, saltaður og pakkaður og eftir það fluttur til Evrópubandalagsins. Er ákærðu í refsímálinu gefið að sök að hafa gefið rangar yfirlýsingar til íslenskra tollayfirvalda um að þorskurinn væri upprunninn á Íslandi. Afurðirnar hafi vegna þessara röngu yfirlýsinga notið tollfríðinda við innflutninginn til Evrópubandalagsins sem væru þær íslenskar.

Spurningar þær sem héraðsdómur beindi til EFTA-dómstólsins lutu í meginatriðum að túlkun á 7. gr. bókunar 9 EES. Samkvæmt þeirri grein ber að beita ákvæðum fríverslunarsamningsins milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands sem undirritaður var árið 1972 (fríverslunarsamningurinn) en ekki ákvæðum EES-samningsins varðandi viðskipti með fisk þegar ákvæði fríverslunarsamningsins veita hagstæðari viðskiptakjör. Fólst í spurningum héraðsdóms beiðni um skýringu á því hvort beita ætti upprunareglum EES-samningsins eða upprunareglum fríverslunarsamningsins samkvæmt 7. gr. bókunar 9 EES. Töldu ákærðu í málinu að fríverslunarsamningurinn fæli í sér hagstæðari viðskiptakjör og því ættu upprunareglur hans við. Ennfremur var EFTA-dómstóllinn beðinn um skýringu á því hvernig bæri að túlka upprunareglurnar með tilliti til þess hvort framangreindar vinnsluáferðir teldust nægilegar til að veita upprunaréttindi.

Í málinu hélt íslenska ríkisstjórnin því fram að bókun 9 EES væri í ljósi séreðlis síns í heild sinni undanskilin lögsögu EFTA-dómstólsins. Í niðurstöðu sinni taldi EFTA-dómstóllinn að reglur þær sem um lögsögu hans gilda stæðu því ekki í vegi að hann túlkaði ákvæði 7. gr. bókunar 9 sem mál þetta varðaði.

Í umfjöllun sinni um það hvort heldur giltu upprunareglur EES-samningsins eða fríverslunarsamningsins taldi EFTA-dómstóllinn að hann væri almennt séð ekki bær til að túlka fríverslunarsamninginn. Hins vegar væri hann bær til að bera saman ákvæði EES-samningsins og fríverslunarsamningsins þegar ákvæði fyrrnefnda samningsins kölluðu á slíkan samanburð, líkt og 7. gr. bókunar 9 EES gerir. Var það niðurstaða dómstólsins að 7. gr. bókunar 9 EES bæri í ljósi orðalags síns, framsetningar, tilgangs, og þess að um undantekningarreglu er að ræða, að skilja svo að upprunareglur EES-samningsins en ekki fríverslunarsamningsins ættu við þegar svo hagaði til sem í umræddu refsímáli.

Varðandi túlkun á upprunareglum EES-samningsins var það niðurstaða EFTA-dómstólsins að vinnsla sem felst í þíðun, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun á heilfrystum fiski, teljist ekki nægileg aðvinnsla í skilningi EES-samningsins til þess að fiskur sem fluttur er inn til Íslands teljist upprunninn á Evrópska efnahagssvæðinu.

Dóminn má finna í heild á vefslóðinni: www.eftacourt.lu.

EFTA-dómstóllinn er skipaður dómurunum Carl Baudenbacher (forseti), Per Tresselt (framsögumaður) og Þorgeir Örlygsson.

Hér er aðeins um fréttatilkynningu að ræða. Dómurinn sjálfur gildir.